

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2009/EES/8/01		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur Furstadæminu Liechtenstein sem lögð var fram 3. febrúar 2009 (Mál E-1/09) . . . . .	1
2009/EES/8/02		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur íslenska ríkinu sem lögð var fram 6. febrúar 2009 (Mál E-2/09) . . . . .	2
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/8/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5427 – Dexia Crédit Local/Dexia Kommunalkredit Bank) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	3
2009/EES/8/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5451 – CNP Assurances/CNP Unicredit Life) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	4
2009/EES/8/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5456 – AIP/BBEIF/BBI Europe/Euroports) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	5
2009/EES/8/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5474 – Lagardère/Sumitomo/HFG) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	6

<b>2009/EES/8/07</b>	Upphaf málsmeðferðar (mál COMP/M.5335 – Lufthansa/SN Holding (Brussels Airlines)) . . . . .	7
<b>2009/EES/8/08</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5096 – RCA/MAV Cargo) . . . . .	7
<b>2009/EES/8/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5140 – Foxconn/Sanmina SCI) . . . . .	8
<b>2009/EES/8/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5168 – EADS/SSTL) . . . . .	8
<b>2009/EES/8/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5220 – Eni/Distrigaz) . . . . .	9
<b>2009/EES/8/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5224 – EDF/British Energy) . . . . .	9
<b>2009/EES/8/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5228 – Rabobank/BGZ) . . . . .	10
<b>2009/EES/8/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5265 – Ergo International/Bank Austria Creditanstalt Versicherung) . . . . .	10
<b>2009/EES/8/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5294 – Schaeffler/Continental) . . . . .	11
<b>2009/EES/8/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5358 – Arizona Chemical GmbH/Abieta Chemie GmbH) . . . . .	11
<b>2009/EES/8/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5385 – Avnet/Abacus) . . . . .	12
<b>2009/EES/8/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5398 – Hutchison/Evergreen) . . . . .	12
<b>2009/EES/8/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5420 – Kyocera Mita/Triumph-Adler) . . . . .	13
<b>2009/EES/8/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5423 – Costa/MSC/MPCT) . . . . .	13
<b>2009/EES/8/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5425 – Doprastav/Ceskomoravsky beton/TBG Doprastav) . . . . .	14
<b>2009/EES/8/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5443 – Otsuka Pharmaceutical/Nardobel) . . . . .	14
<b>2009/EES/8/23</b>	Ríkisaðstoð – Pólland – Málsnúmer C 46/08 (áður N 775/07) – Stórt fjárfestingarverkefni – Aðstoð sem veitt hefur verið fyrirtækinu Dell Products Poland – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans. . . . .	15
<b>2009/EES/8/24</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannapjónustukvaðir – Ítalía. . . . .	15

<b>2009/EES/8/25</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug – Ítalía . . . . .	16
<b>2009/EES/8/26</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug – Ítalía . . . . .	16
<b>2009/EES/8/27</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug – Spánn . . . . .	17
<b>2009/EES/8/28</b>	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	17
<b>2009/EES/8/29</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um matsviðmið í tengslum við ríkisaðstoð samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um ýmis lagaleg atriði sem varða kvikmyndir og önnur hljóð- og myndverk (kvikmyndaorðsendingunni) frá 26. september 2001 . . . . .	18
<b>2009/EES/8/30</b>	Auglýst eftir tillögum 2009 – Undirbúningsaðgerð fyrir MEDIA International . . . . .	19
<b>2009/EES/8/31</b>	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/36/08 – Stuðningur við tengslamyndun og mannaskipti meðal námsmanna og kennara í Evrópu. . . . .	20
<b>2009/EES/8/32</b>	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. október 2008 til 31. október 2008 (birt í samræmi við 13. eða 38. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004). . . . .	22
<b>2009/EES/8/33</b>	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. október 2008 til 31. október 2008 (ákvæðanirnar teknar samkvæmt 34. gr. tilskipunar 2001/83/EB eða 38. gr. tilskipunar 2001/82/EB) . . . . .	29

### 3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur Furstadæminu Liechtenstein sem lögð var fram 3. febrúar 2009**

**2009/EES/8/01**

**(Mál E-1/09)**

Hinn 3. febrúar 2009 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur Furstadæminu Liechtenstein; í fyrirsvari eru Bjørnar Alterskjær og Florence Simonetti, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með þeirri kröfu stjórnvalda í Liechtenstein að stjórnarmenn og stjórnendur banka, sem hafa staðfestu í Liechtenstein, skuli vera í aðstöðu til að inna starf sitt af hendi í reynd og hnökralaust, með því að hafa aðsetur í landinu, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, einkum 28. og 31. gr.
2. Dómstóllinn lýsi yfir að með þeirri kröfu að lögmenn, einkaleyfalögmenn, endurskoðendur og fjárvörslumenn hafi aðsetur í landinu til þess að geta innt starf sitt af hendi í reynd og á reglulegan hátt hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, einkum 31. gr.
3. Dómstóllinn geri Furstadæminu Liechtenstein að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:*

- Málið varðar skilyrði í löggjöf Liechtensteins um aðsetur stjórnarmanna og stjórnenda banka sem hafa staðfestu í Liechtenstein, sem og lögmanna, einkaleyfalögmanna, endurskoðenda og fjárvörslumanna.
- Samkvæmt ákvæðum 28. gr. EES-samningsins er ríkisborgurum EES-ríkjanna tryggt frelsi til flutninga og afnumin mismunun sem byggð er á ríkisfangi á EES og lýtur meðal annars að atvinnu.
- Samkvæmt ákvæðum 31. gr. EES-samningsins skulu ríkisborgarar EES-ríkjanna, sem neyta staðfesturéttar síns, njóta jafnræðis við ríkisborgara ríkisins þar sem þeir öðlast staðfestuna.

**Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur íslenska ríkinu sem lögð var fram 2009/EES/8/02**  
**6. febrúar 2009**  
**(Mál E-2/09)**

Hinn 6. febrúar 2009 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur íslenska ríkinu; í fyrirvari eru Björnar Alterskjær og Ólafur Jóhannes Einarsson, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með því að gera ekki þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að leiða gerðina, sem um getur í lið 66s í VI. kafla XIII. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði (*reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 frá 31. maí 2007 um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á*), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í landsrétt innan tilskilins tíma hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Dómstóllinn geri íslenska ríkinu að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:*

- Málið varðar EB-reglugerð um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á.
- 7. gr. EES-samningsins hljóðar svo:  
*„Gerðir, sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:*
  - a) *[G]erð, sem samsvarar reglugerð EBE, skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila.*
  - b) *[G]erð, sem samsvarar tilskipun EBE, skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.“*
- Eftirlitsstofnun EFTA telur að íslenska ríkið hafi ekki tekið reglugerðina upp í landsrétt innan tilskilins tíma.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/8/03

**(Mál COMP/M.5427 – Dexia Crédit Local/Dexia Kommunalkredit Bank)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. febrúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Dexia Crédit Local („Dexia CL“), sem tilheyrir hinu belgíska Dexia Group, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í austurríska fyrirtækinu Dexia Kommunalkredit Bank AG („Dexia-Komm“), sem laut áður yfirráðum Dexia CL og Kommunalkredit Austria AG í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Dexia CL: fjármálaþjónusta við opinberar stofnanir, einkum í Frakklandi, Þýskalandi, á Ítalíu, Spáni, Írlandi, í Bretlandi, Japan, Svíþjóð og Bandaríkjunum
  - Dexia-Komm: fjármálaþjónusta við opinberar stofnanir, einkum í Mið- og Austur-Evrópu
  - Dexia Group: fjármálaþjónusta víðs vegar um heim
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 41, 19. febrúar 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5427 – Dexia Crédit Local/Dexia Kommunalkredit Bank, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5451 – CNP Assurances/CNP Unicredit Life)**

2009/EES/8/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. febrúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið CNP Assurances SA öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í írsku fyrirtækinu CNP Unicredit Life, Ltd.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CNP Assurances SA: starfsemi á sviði líftrygginga og skaðatrygginga í ýmsum löndum, m.a. í Frakklandi, á Ítalíu, í Portúgal og á Spáni
  - CNP Unicredit Life, Ltd.: starfsemi á sviði líftrygginga á Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 42, 20. febrúar 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5451 – CNP Assurances/CNP Unicredit Life, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5456 – AIP/BBEIF/BBI Europe/Euroports)**

2009/EES/8/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. febrúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Antin Infrastructure Partners FCPR („Antin IP“), fjárfestingasjóður á vegum hins franska BNP Paribas SA og lúxemborgsku fyrirtækin BBEIF LH Sub 06 S.à.r.l. („BBEIF 6“) og BBI Europe Holdings (Malta II) Limited („BBI Europe“), sem tilheyra bæði hinu ástralska Babcock & Brown Limited, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í lúxemborgska fyrirtækinu BBI Europe Holdings (Lux) S.à.r.l. („Euroports“), en það lýtur nú yfirráðum BBI Europe.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Antin IP: fjárfestingar á sviði orkuvinnslu, umhverfisskýslu, flutninga, fjarskipta og félagslegra mannvirkja
  - BBI Europe: fjárfestingar í grunnvirkjum
  - Euroports: hafnarekstur, meðhöndlun farms og tilheyrandi þjónusta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 41, 19. febrúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5456 – AIP/BBEIF/BBI Europe/Euroports, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5474 – Lagardère/Sumitomo/HFG)**

2009/EES/8/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. febrúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Lagardère SCA, sem stendur að viðskiptunum fyrir tilstuðlan fransks dótturfélags síns, Hachette Filipacchi Press („HFP“), og japanska fyrirtækið Sumitomo Corporation („Sumitomo“) öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í japanska fyrirtækinu Hachette FujinGaho („HFG“). Síðastnefnda fyrirtækið er sem stendur að fullu í eigu HFP.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Lagardère SCA: fjölmiðlasamsteypa sem starfar víða um heim; höfuðstöðvarnar eru í Frakklandi og félagið er skráð í kauphöllinni í París; starfsemi Lagardère er einkum á sviði bóka- og tímaritaútgáfu, hljóðvarps og sjónvarps, framleiðslu og dreifingar kvikmynda og sjónvarpsefnis, auglýsingamiðlunar, vefútgáfu, ferðaskrifstofuþjónustu og miðlunar og stjórnunar sýningarréttar frá íþróttaviðburðum
  - HFP: útgáfa neytendatímarita víða um heim; einnig sala á auglýsingarými í tímaritum eigin útgáfu og annarra
  - Sumitomo: endanlegt móðurfélag Sumitomo Corporation Group; samþætt verslunarfélag sem selur margvíslega þjónustu í Japan og víðar um heim, m.a. í Asíuríkjum, Bandaríkjunum og Evrópu
  - HFG: útgáfa á kventísku- og lífsstílstímaritum og áþekktum tímaritum og vefritum í Japan; áform eru um frekari starfsemi, til að mynda fjarsölu á tiskuvörum fyrir konur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 42, 20. febrúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5474 – Lagardère/Sumitomo/HFG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Upphaf málsmeðferðar****2009/EES/8/07****(Mál COMP/M.5335 – Lufthansa/SN Holding (Brussels Airlines))**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. janúar 2009 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið c) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 37, 14. febrúar 2009) Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01/(0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.5335 – Lufthansa/SN Holding (Brussels Airlines), á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja****2009/EES/8/08****(Mál COMP/M.5096 – RCA/MAV Cargo)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. nóvember 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5096. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/8/09**  
**(Mál COMP/M.5140 – Foxconn/Sanmina SCI)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. júní 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdu sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5140. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/8/10**  
**(Mál COMP/M.5168 – EADS/SSTL)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. desember 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdu sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5168. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5220 – Eni/Distrigaz)**

2009/EES/8/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. október 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5220. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5224 – EDF/British Energy)**

2009/EES/8/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. desember 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5224. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5228 – Rabobank/BGZ)**

2009/EES/8/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. febrúar 2009 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32009M5228. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5265 – Ergo International/Bank Austria  
Creditanstalt Versicherung)**

2009/EES/8/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. september 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á þýsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5265. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/8/15**  
**(Mál COMP/M.5294 – Schaeffler/Continental)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. desember 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5294. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/8/16**  
**(Mál COMP/M.5358 – Arizona Chemical GmbH/Abieta Chemie GmbH)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. janúar 2009 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32009M5358. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5385 – Avnet/Abacus)**

2009/EES/8/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. janúar 2009 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32009M5385. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5398 – Hutchison/Evergreen)**

2009/EES/8/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. desember 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5398. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/8/19**  
**(Mál COMP/M.5420 – Kyocera Mita/Triumph-Adler)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. janúar 2009 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflid b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32009M5420. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/8/20**  
**(Mál COMP/M.5423 – Costa/MSC/MPCT)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. febrúar 2009 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflid b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32009M5423. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5425 – Doprastav/Ceskomoravsky beton/TBG Doprastav)**

2009/EES/8/21

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. febrúar 2009 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32009M5425. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5443 – Otsuka Pharmaceutical/Nardobel)**

2009/EES/8/22

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. febrúar 2009 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32009M5443. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ríkisaðstoð – Pólland****2009/EES/8/23****Málsnúmer C 46/08 (áður N 775/07) – Stórt fjárfestingarverkefni – Aðstoð sem veitt hefur verið fyrirtækinu Dell Products Poland****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 25, 31.1.2009](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Greffe  
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Póllandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**2009/EES/8/24**

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

**Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

Aðildarríki	Ítalía
Flugleið	Elba Marina di Campo–Flórens (báðar leiðir) og Elba Marina di Campo–Písa (báðar leiðir)
Samningstími	12 mánuðir (1. maí 2009–30. september 2009 og 1. október 2009–30. apríl 2010)
Frestur til að skila tilboðum	2 mánuðir frá því að auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (5.2.2009)
Texti útbodsauglýsingarinnar er afhentur endurgjalds-laust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/ eða skjölum sem varða útbodið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Ente Nazionale per l'Aviazione Civile (ENAC) Direzione centrale regolazione economica Direzione trasporto aereo Viale del Castro Pretorio n. 118 I-00185 Roma <a href="http://www.enac-italia.it">www.enac-italia.it</a> Netfang: <a href="mailto:trasporto.aero@enac.rupa.it">trasporto.aero@enac.rupa.it</a>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-  
rekstur í bandalaginu** 2009/EES/8/25

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Ítalía
Flugleið	Elba Marina di Campo-Flórens (báðar leiðir) og Elba Marina di Campo-Písa (báðar leiðir)
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	65 dögum eftir að auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (5.2.2009)
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eda skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Ente Nazionale per l'Aviazione Civile (ENAC) Direzione centrale regolazione economica Direzione trasporto aereo Viale del Castro Pretorio n. 118 I-00185 Roma <a href="http://www.enac-italia.it">www.enac-italia.it</a> Netfang: <a href="mailto:trasporto.aero@enac.rupa.it">trasporto.aero@enac.rupa.it</a>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-  
rekstur í bandalaginu** 2009/EES/8/26

**Almannaðjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Ítalía
Flugleið	Cuneo Levaldigi-Róm Fiumicino
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	180 dögum eftir að auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (5.2.2009)
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eda skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	E.N.A.C. (Ente Nazionale dell'Aviazione Civile) Direzione centrale regolazione economica Direzione trasporto aereo Viale del Castro Pretorio n. 118 I-00185 Roma <a href="http://www.enac-italia.it">www.enac-italia.it</a> Netfang: <a href="mailto:trasporto.aereo@enac.rupa.it">trasporto.aereo@enac.rupa.it</a>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-  
rekstur í bandalaginu**

2009/EES/8/27

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Spánn
Flugleið	Kanaríeyjar (Gran Canaria–Tenerife (nyrðra og syðra), Gran Canaria–Fuerte Ventura, Lanzarote, El Hierro, Tenerife (nyrðra og syðra)–La Gomera–La Palma, La Palma–Lanzarote)
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	Dagurinn sem auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (7.2.2009)
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaþjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Dirección General de Aviación Civil Sudirección General de Transporte Aéreo Area de Explotación Sími: (34-91) 59 77 505 Bréfasími (34-91) 59 78 643 Netfang: <a href="mailto:mmederos@fomento.es">mmederos@fomento.es</a>

**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr.  
3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og  
notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

2009/EES/8/28

Um efnisatriði þessarar auglýsingar, sem lýtur að umsókn um leyfi til kolvetnisleitar, sjá [Stjtið. ESB C 31, 7.2.2009, bls. 20.](#)

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um matsviðmið í tengslum við ríkisaðstoð 2009/EES/8/29  
samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um ýmis lagaleg atriði sem  
varða kvikmyndir og önnur hljóð- og myndverk (kvikmyndaorðsendingunni) frá  
26. september 2001**

Eins og boðað var í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar frá 2004 <sup>(1)</sup> og 2007 <sup>(2)</sup> um framlengingu gildistíma matsviðmiða í tengslum við ríkisaðstoð samkvæmt kvikmyndaorðsendingunni frá 2001 <sup>(3)</sup> hefur framkvæmdastjórnin látið gera umfangsmikla könnun á efnahags- og menningaráhrifum þeirra ákvæða í áætlunum til stuðnings kvikmyndagerð sem binda útgjöld við tiltekið landsvæði.

Könnuninni var hleypt af stokkunum 24. ágúst 2006 <sup>(4)</sup> og vinnufundur með þeim, sem eiga hlut að máli, var haldinn í Brussel 6. júlí 2007. Niðurstöður voru birtar 22. maí 2008 <sup>(5)</sup>.

Í lokaskýrslu könnunarinnar komu ekki fram eindregnar niðurstöður um efnahags- og menningaráhrif þeirra ákvæða í áætlunum til stuðnings kvikmyndagerð sem binda útgjöld við tiltekið landsvæði. Með niðurstöðunum er því undirstrikað að þörf er á frekari athugunum áður en settar eru fram tillögur um breytingar á matsviðmiðum í tengslum við ríkisaðstoð samkvæmt kvikmyndaorðsendingunni að því er varðar ákvæði sem binda útgjöld við tiltekið landsvæði, þannig að samrýmist grundvallarsjónarmiðum Rómarsáttmálans.

Það er álit framkvæmdastjórnarinnar að matsviðmiðin, sem nú eru notuð í tengslum við ríkisaðstoð, dugi enn um sinn til að ýta undir menningarsköpun og tryggi að aðstoð, sem rennur til framleiðslu á kvikmyndum og hljóð- og myndverkum, raski ekki samkeppni og viðskiptum svo mjög að stríði gegn almannahagsmunum. Frá því að kvikmyndaorðsendingin var gefin út árið 2001 hefur orðið ýmis konar þróun sem veldur því að nauðsynlegt verður að endurbæta matsviðmiðin þegar fram í sækir.

Hér er um að ræða stuðning við aðra þætti en kvikmynda- og sjónvarpsefnisframleiðslu (til að mynda kvikmyndadreifingu og stafræna sýningartækni), aukna aðstoð við kvikmyndaframleiðslu á héraðsvísu og samkeppni ýmissa aðildarríkja sem nota ríkisaðstoð til að laða til sín fjárfestingar stórtækra kvikmyndaframleiðenda, einkum bandarískra. Þetta eru flókin álitamál sem krefjast þess að hafnar séu viðræður við aðildarríkin og stofnanir, sem styrkja kvikmyndagerð á lands- og héraðsvísu, í því skyni að þróa viðeigandi matsviðmið.

Af þessum sökum hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að beita óbreyttum matsviðmiðum þar til nýjar reglur um ríkisaðstoð við gerð kvikmynda og annarra hljóð- og myndverka öðlast gildi, þó eigi lengur en til 31. desember 2012.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 123, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 134, 16.6.2007, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 43, 16.2.2002, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB C 173, 12.9.2006, tilvísun 2006/S 173-183834.

<sup>(5)</sup> [http://ec.europa.eu/avpolicy/info\\_centre/library/studies/index\\_en.htm#finalised](http://ec.europa.eu/avpolicy/info_centre/library/studies/index_en.htm#finalised).

**Auglýst eftir tillögum 2009 – Undirbúningsaðgerð fyrir MEDIA International****2009/EES/8/30****1. Markmið og lýsing**

Tilgangurinn með undirbúningsaðgerð fyrir MEDIA International er að taka út og prófa samstarf kvikmyndafólks í ríkjum Evrópusambandsins við starfssystkin sín í öðrum löndum. Undir aðgerðina falla

- styrkir til fræðslustarfs,
- dreifingarstyrkir,
- kynningarstyrkir,
- styrkir til að koma upp kvikmyndahúsanetum,
- styrkir til að auka eftirspurn áhorfenda.

Framkvæmdastjórnin auglýsir hér með eftir tillögum í samræmi við vinnuáætlun undirbúningsaðgerðar fyrir MEDIA International fyrir árið 2009.

**2. Hlutgengi**

Tekið verður við tillögum frá lögaðilum í hinum 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins og öllum öðrum ríkjum. Skilmálar, sem gilda um styrkveitingar, koma fram í vinnuáætlun undirbúningsaðgerðar fyrir MEDIA International fyrir árið 2009.

**3. Fjárveiting vegna verkefna**

Til úthlutunar í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum eru að hámarki 4,96 milljónir evra.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50 %, 75 % eða 80 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar, eftir eðli starfseminnar.

Framlög eru greidd sem styrkir.

**4. Mat og val á tillögum**

Framkvæmdastjórnin mun meta tillögur, sem berast, með aðstoð óháðra sérfræðinga. Matsviðmiðin eru skilgreind í vinnuáætlun undirbúningsaðgerðar fyrir MEDIA International fyrir árið 2009. Tillögur, sem fullnægja matsviðmiðunum, verða flokkaðar eftir gæðum.

Málsmeðferð vegna mats á umsóknum um styrki sem framkvæmdastjórnin veitir er lýst í reglugerð um fjárveitingar sem gildir um almenn fjárlög Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>.

**5. Umsóknarfrestur**

Umsóknir skulu sendar eigi síðar en **2. júní 2009** á eftirfarandi pósthöfn:

Ms Aviva Silver  
European Commission  
Directorate-General Information Society and Media  
Directorate A – Audiovisual, Media and Internet  
Unit A2 – MEDIA programme and media literacy  
Office BU33 02/005  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtið. ESB L 248, 16.9.2002, bls. 1).

## 6. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar eftir tillögum er birtur á eftirfarandi vefslóð ásamt vinnuáætlun undirbúningsaðgerðar fyrir MEDIA International fyrir árið 2009, leiðbeiningum og umsóknareyðublöðum:

<http://ec.europa.eu/media>

Umsóknir skulu fullnægja öllum skilmálum sem fram koma í auglýsingunni og skal þeim skilað á til þess gerðu eyðublaði.

MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf

2009/EES/8/31

Auglýsing eftir tillögum – EACEA/36/08

**Stuðningur við tengslamyndun og mannaskipti meðal námsmanna og kennara í Evrópu**

### 1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Meðal markmiða áætlunarinnar er að ýta undir mannaskipti og samstarf með því að styrkja tengslamyndun í stofnunum sem sinna fræðslu í Evrópu, einkum æðri menntastofnunum, fræðslusamtökum og stofnunum sem tengjast hljóð- og myndefnisframleiðslu, og stuðla að mannaskiptum meðal námsmanna og kennara í Evrópu.

### 2. Hlutgengir umsækjendur

